

REGLUGERÐ**um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 386, 25. júlí 1989.**

1. gr.

Fyrirsögn viðauka 7 orðist svo:

Atvinnurekstur sem umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir.

2. gr.

Aftan við 26. lið í viðauka 7 koma tveir nýir liðir:

27. Sjóefnavinnsla.

28. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 18. september 1990.***Júlíus Sólnes.**Páll Líndal.

18. september 1990

Nr. 369

GJALDSKRÁ**fyrir mengunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.**

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, 3. gr. 6. tl. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 9 000.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 386/1989, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000.

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar, sveitarstjórnnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 18. september 1990.

F. h. r.

Páll Líndal.Sigurbjörg Sæmundsdóttir.